

Veiði- og fiskræktarfélag Landmannaafréttar
Meiritunga 1
851 Hella

Reykjavík, 15.10.2024
UST202401-316/A.E.H.
08.12.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 27. ágúst 2024 - Veiði- fiskræktarfélag Landmannaafréttar, Galtalæk, ID428

Þann 27. ágúst sl. fór fram reglubundið eftirlit í Veiði-fiskræktarfélag Landmannaafréttar í Galtalæk. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Rekstraraðila var bent á að bæta þurfi verklag og merkingar við sýnatökur og þjálfun starfsfólks í því.
2. Rekstraraðila var bent á að ekki á að taka sýnatöku í lágmarkslífmassa í tómri stöð.

Tvö frávík komu fram er varða:

1. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Losun í fosfórs í viðtaka má ekki fara fram úr 7 kg/tonn af lífmassaaukningu (heildarvöxtur) á ári. Fosfór losun reiknaðist út frá fóðri 7,5 kg P/tonn er því yfir mörkum starfsleyfis.
2. Gr. 4.3 í starfsleyfi. Mæla skal magn heildarfosfórs (P-total) og heildarköfnunarefnis (N-total) við inntak vatns í stöðina og við útrás frárennslis frá stöðinni a.m.k. tvisvar á ári, annars vegar við hámarksfóðrun hins vegar við lágmarksfóðrun. Sýni voru aðeins tekin einu sinni og þá var stöðin tóm.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 6. nóvember 2024.

Virðingarfyllst

Auður Eyberg Helgadóttir
sérfræðingur

Freyr Ævarsson
sérfræðingur